

Mánudaginn 26. nóvember 1951.

Nr. 63/1951. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)
 gegn
Þorsteini Eyvindssyni (Lárus Fjeldsted).

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur að tilhlutun sækjanda málsins fyrir Hæstarétti og eftir mælingum foringja varðskipsins markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins kl. 15.45 hinn 29. apríl þ. á. við dufl það, sem sett hafði verið í sjó hjá skipi ákærða. Reyndist staðurinn um 1 sjómílu innan landhelgislínu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms er sannað, að ákærði hafi verið að veiðum í landhelgi og því brotið gegn lagaboðum þeim, sem í héraðsdómi er getið, sbr. lög nr. 5/1951. Að því athuguðu, að gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þorsteinn Eyvindsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Guttorms Erlendssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 30. apríl 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldinu höfðað gegn Þorsteini Eyvindssyni, skipstjóra á enska togaranum Northern Duke, G.Y. 442, til heimilis að Geysi, Church Ave, Humberstone, Englandi, fyrir meint brot á lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1925, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og greiðslu sakarkostnaðar, áfallins og áfallandi.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, f. 12. sept. 1911 á Stokkseyri, hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Tildrög máls þessa eru samkvæmt gögnum þeim, er fyrir liggja, skýrslu skipherrans á Mariu Júlíu, famburði vitna og ákærða sjálfs þau, er hér segir:

Sunnudaginn 29. apríl var varðskipið María Júlía á eftirlitsferð austur með landi. Út af svokölluðum Sjávarmelum sáust þá nokkrir togarar að veiðum, og var þá kl. 15.20 haldið í áttina til þess næsta togara, sem þótti grunsamlega nálægt landi. Klukkan 15.27 var dregið upp stöðvunarmerki, og kl. 15.34 var stöðvað hjá togaranum og var þar sett út dufl. Reyndist togarinn vera Northern Duke, G.Y. 422, frá Grimsby, skipstjóri ákærði í máli þessu. Dýpið var 71 m á báðum dýptarmælum varðskipsins, en þeir voru athugaðir af sérfræðingi í Reykjavík 27. þ. m.

Kl. 15.45 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við duflið.

Alviðruhamraviti

> 92° 20'

Sjávarmelamerkið

> 29° 00'

Suðurendi Lómagnúps

Alviðruhamravitann bar rétt sunnan við norðurenda Hjörleifshöfða. Samkvæmt þessari staðarákvörðun, sem framkvæmd var af skipherra varðskipsins ásamt I. stýrimanni þess með tveim sextöntum, var skipið statt 1.0 sjómílu innan landhelgislinunnar.

Var þá settur út bátur, og fór II. stýrimaður varðskipsins yfir í togarann og sótti skipstjóra hans, er var kærður í máli þessu.

Er komið var um borð í varðskipið, var staðarákvörðun gerð af nýju af skipherra, I. og II. stýrimanni varðskipsins, og var miðað við sömu kennimerki og áður, og bar mælingunum algerlega saman við mælinguna, sem gerð var kl. 15.45.

Var skipstjóra togarans boðið að framkvæma mælingarnar með sextanti, en hann kvaðst ekki sjá staðinn nógu vel til þess, að hann treysti sér til þess að gera mælingarnar. Var síðan farið með skipstjóranum yfir í togarann aftur, og fóru I. og II. stýrimaður varðskipsins með honum samkvæmt beiðni hans til þess að líta á dýptarmæli hans og ratsjá. Varð II. stýrimaður eftir um borð og fór með togaranum til Vestmannaeyja, en þangað fór hann samkvæmt boði varðskipsins.

Pegar varðskipið stöðvaðist við togarann, var hann að taka inn stjórnbörðsvörpu sína, og var í henni nokkuð af fiski.

Ákærði kveðst þenna dag hafa togað austur og vestur meðfram landinu suður af sjómerkinu á Sjavarmelum, og hafi hann togað eftir dýpinu 70 faðmar, sem dýptarmælir togarans hafi sýnt. Togarinn hafi radartæki, og hafi land ekki sézt í því. Hafi hann samkvæmt dýpinu og því, að hann sá aðra togara vera að veiðum innan við sig, talið sig vera utan landhelgislinunnar, og kveður hann sig því ekki hafa gert staðarákvarðanir, miðað við land, fyrr um daginn, meðan vel var bjart, en þegar hann kom um borð í varðskipið, hafi verið komið mistur, og telur ákærði sig ekki hafa getað komið auga á mið þau, er lögð voru til grundvallar við mælinguna nema Sjavarmelamerkið. Hann telur sig ekki hafa séð Alviðruhamravitan, en sennilega Lómagnúp, en kvaðst ekki þekkja fjöllin í sundur með nafni og taldi skyggni ekki nógu gott til þess að gera staðarákvörðun, enda hafi mættur vakað 48 tíma samfleytt, er varðskipið kom að þeim. Hann hefur viðurkennt að hafa verið að toga, þegar varðskipið kom að honum, og hafi þá verið um 7—8 körfur í vörpunni, en vill þó ekki viðurkenna, að hann hafi verið innan landhelgi, enda þótt hann ekki beinlínis vilji véfengja staðarákvörðun varðskipsmanna, þar sem hann hafi engar staðarákvarðanir gert sjálfur.

Í málinu hafa verið leidd sem vitni I. og II. stýrimaður á varðskipinu Mariu Júlíu, og hafa þeir að öllu leyti staðfest skýrslu skipherra.

II. stýrimaður bar það í réttinum, að ákærði hefði sagt sér, að dýptarmælirinn hefði ekki verið réttur nokkru áður og hafi hann misst vörpu, af því að hann hafi sýnt vitlaust dýpi. Hafi hann athugað dýptarmælinn, er hann kom um borð, og sýndi hann mjög óreglulega, stundum 70 faðma og stundum ekkert dýpi. Hann kveðst hafa litið í radartæki togarans, er hann kom fyrst um borð, og telur sig hafa komið auga á hús, er stendur rétt hjá Sjavarmelamerkinu í rúmlega 2 sjómílna fjarlægð, en hann hafi ekki séð ströndina sjálfa í radartækinu. Í síðara skiptið, er hann kom um borð með I. stýrimanni, kveðst hann ekkert hafa séð í radartækinu.

Vitnið kveður 2 dýptarmæla hafa verið í togaranum, en aðeins annar hafi verið notaður. Hafi vitnið á leiðinni til Vestmannaeyja sett báða í gang og hafi þá sá dýptarmælir, er notaður var, sýnt 10 faðma meira dýpi en hinn á 50 faðma dýpi.

Fyrsti stýrimaður varðskipisins, sem fór samkvæmt beiðni ákærða um borð með honum, kveðst ekki hafa séð neitt í radartækinu, og sér hafi virzt dýptarmælirinn sýna ekkert dýpi, er hann var settur á stað, en hann hafði þó nýlega sýnt 70 faðma dýpi samkvæmt mælistrimli, en hvenær það var, kveðst vitnið ekki vita.

Þæði þessi vitni hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi fyrsta daginn, er hann var að fiska hér við land, en alls kveðst hann hafa fiskað 4 daga, hafa orðið var við, að dýptarmælirinn væri ekki réttur. Hafi hann sýnt 70 faðma dýpi, þar sem sér hafi mælt með handlóði ca. 60 faðmar. Hafi loftskýtamaður skipsins gert við dýptarmælinn og hafi hann talið hann réttan, þar til varðskipsmenn sýndu honum dýptarmæla sína. Hafi sér þá flogið í hug, að dýptarmælir sinn hefði orðið rangur aftur. Hinn dýptarmæli

skipsins kvaðst ákærði aldrei nota, hann sýni illa dýpi, nema skipið sé á siglingu.

Leiddir hafa verið sem vitni í málinu stýrimaður togarans og loftskeytamaður hans. Staðfesta þeir frásögn ákærða um bilun dýptarmælisins, og enn fremur staðfesti stýrimaðurinn, að þeir hefðu togað fram og aftur meðfram strandlengjunni út af Sjávarmelamerkinu þenna dag á dýpi 70 föðum samkvæmt dýptarmæli togarans, og telur stýrimaðurinn ekki hafa verið unnt að gera staðarákvörðun, miðað við föst merki á landi, vegna misturs.

Skippherra varðskipsins og báðum stýrimönnum þess kemur saman um, að skyggni hafi verið mjög sæmilegt og miðanir öruggar.

Samkvæmt því, er að framan segir, verður að telja sannað með skýrslu skipherrans á Mariu Júlíu og hinum eiðfesta framburði hinna tveggja stýrimanna varðskipsins, að skip ákærða hafi verið að veiðum innan landhelgislinunnar sunnudaginn 29. þ. m., er varðskipið María Júlía kom að því. Hefur hvorki framburður ákærða eða önnur atvik gefið tilefni til þess að veikja sönnunina, enda hafði ákærði engar mælingar gert á staðnum, og upplýst má telja, að dýptarmælir hans, sem er það eina tæki, sem hann hefur að miða við, var í ólagi, skömmu áður en togarinn var tekinn, og líkur til, að hann hafi verið í ólagi á ferðinni til Vestmannaeyja.

Hefur ákærði því gerzt brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, samanber lög nr. 4 11. ágúst 1924.

Samkvæmt símskeyti Landsbankans í dag jafngilda 100 gullkrónur nú 738,95 seðlakrónum. Um stærð togarans er þess að geta, að samkvæmt brezku nautical almanaki er nettostærð hans 233 rúmlestir.

Þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af 3. gr. laga nr. 5 1920 og lögum nr. 4 1924 74000 króna sekt í Landhelgis sjóð Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í skipi ákærða, Northern Duke, G.Y. 422, er það var staðið að landhelgisveiðunum, upptæk ger, og andvirðið renna í Landhelgis sjóð Íslands.

Svo greiði hinn ákærði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þorsteinn Eyvindsson, greiði 74000 króna sekt í Landhelgis sjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Northern Duke, G.Y. 442, skal upptækt gert og andvirðið renna í Landhelgis sjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.